



Afhending skjala einstaklinga, félaga og fyrirtækja

Borgarskjalasafn Reykjavíkur varðveitir skjöl einstaklinga,

félaga og fyrirtækja í Reykjavík. Þeir sem hafa undir höndum skjöl, eða vita um skjöl sem ættu erindi á safnið, geta haft samband við starfsmenn safnsins, sem munu meta skjölin með tilliti til þess hvort ástæða sé til að varðveita þau á Borgarskjalasafni.

Skjöl koma fram á ótrúlegustu stöðum. Þau hafa jafnvel verið notuð sem einangrun í veggjum, fundist milli þilja, undir súð, uppi á háalofti, niðri í kjallara, í kommóðu eða á öðrum stöðum. Ef stærri söfn finnast er best að hreyfa ekki við skjölunum heldur hafa samband við Borgarskjalasafn. *Áriðandi er að skjöl séu ekki grisjuð eða endurflokkuð fyrir afhendingu.* Halda skal upprunalegri röð skjala og ákjósanlegt er að skjölunum fylgi upplýsingar um hvar þau fundust og við hvaða aðstæður.

Vinsamlegast leitið ráða hjá starfsmönnum safnsins um frágang skjalasafna fyrir afhendingu og skráningu þeirra. Þau söfn sem berast ófrágengin eru skráð og sett í skjalaöskjur af starfsmönnum safnsins endurgjaldslaust og þannig gerð aðgengileg til rannsókna. Æskilegt er að stærri söfnum starfandi fyrirtækja fylgi fjárstuðningur vegna skráningar.

Einkaaðilar sem afhenda Borgarskjalasafninu skjöl sín til varðveislu geta takmarkað aðgang í ákveðinn tíma, t.d. að skjölin séu lokuð öllum í 10 ár eða að aðgangur sé háður leyfi viðkomandi aðila í ákveðinn tíma. Best er að ræða um slíkt við afhendingu.



Borgarskjalasafn Reykjavíkur er héraðsskjalasafn Reykvíkinga og öllum opið. Hlutverk safnsins er að safna, varðveita og gera aðgengileg sköl og aðrar heimildir um sögu og starfsemi borgarinnar og borgarstofnana og á allan hátt

leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga.

Starfsmenn Borgarskjalasafns Reykjavíkur veita frekari upplýsingar um varðveislu einkaskjalasafna og móttöku þeirra. Hægt er að koma með skjölin í afgreiðslu safnsins að Tryggvagötu 15 eða óska eftir að þau verði metin eða sótt af starfsmanni safnsins.

Veist þú um skjöl sem ættu erindi á Borgarskjalasafnið?



Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411 6060 Fax: 411 6070

Netfang: borgarskjalasafn@reykjavik.is
Veffang: www.borgarskjalasafn.is
Sérvefur: www.bjarnibenediktsson.is

Afgreiðsla safnsins er á 3. hæð og er opin mánudaga til föstudaga kl. 10.00 til 16.00. Beinn sími afgreiðslu er 411 6050.

Útgefandi: Borgarskjalasafn Reykjavíkur 2009 • Umsjón: Svanhildur Bogadóttir og Bára Baldursdóttir • Hönnun og premmisla: Oddi ehf. / P08.07.579

Borgarskjalasafn varðveitir fleira en opinber skjöl



Borgarskjalasafn tekur einnig við skjölum einstaklinga, félaga og fyrirtækja

Leynist fjársjóður í þínum fórum?

Einkaskjalasöfn

Einkaskjöl nefnast þau skjöl sem ekki eru úr fórum opinberra stofnana og embætta eða annarra sem er skylt að skila skjölum til skjalasafna. Einkum er um að ræða skjöl einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja.

Borgarskjalasafn varðveitir fjölmörg einkaskjalasöfn sem veita ómetanlegar upplýsingar um sögu og mannlíf borgarinnar og gefa fjölbreytta mynd af fortíðinni. Myndin af samfélaginu væri einsleitari ef eingöngu væri stuðst við opinber skjöl.

Skjöl teljast gögn sem hafa að geyma upplýsingar, hvort sem þau eru tölvugögn, skrifuð gögn, uppdrættir og teikningar, ljósmyndir, hljóðupptökur eða önnur hliðstæð gögn. Bækur, dagblöð og tímarit teljast ekki til skjala.





Skjöl félaga og samtaka

Borgarskjalasafn tekur við skjölum frá félögum og samtökum í Reykjavík og eru þau mikilvægar heimildir um félögin sjálf og einnig mannlíf í Reykjavík. Af skjölum frá félögum má nefna fundargerðabækur, félagatöl, bréfasöfn, ljósmyndir, fréttabréf og kynningarefni um starfsemina, sjóðsbækur og bókhaldsgögn. Mörg félög hafa enga skrifstofuaðstöðu og lenda stjórnarmenn í að varðveita þau á heimilum sínum sem er mikil ábyrgð. Tilvalið er að koma þeim til varðveislu á Borgarskjalasafni.

Athygli er vakin á því að samkvæmt reglugerð nr. 283/1994 er félögum og samtökum í Reykjavík sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé (hvort sem um er að ræða frá borg eða ríki), skylt að skila skjölum sínum til varðveislu á Borgarskjalasafni.

Skjöl einstaklinga

Borgarskjalasafn sækist eftir að fá til varðveislu skjöl einstaklinga í Reykjavík, svo sem sendibréf, dagbækur, ljósmyndir, póstkort, heillaóskakort, heimilisbókhald, fæðingar- og hjónavígsluvottorð, prófskírteini, vegabréf, teikningar, endurminningar og hvaðeina sem endurspeglar líf borgarbúa. Einnig er fengur að gömlum tónleikaskráum, veggspjöldum og aðgöngumiðum. Leitað er eftir skjölum einstaklinga úr öllum stéttum og tekur safnið við eldri sem yngri skjalasöfnum, jafnt stórum sem smáum.



Skjöl fyrirtækja

Einkafyrirtæki, stór og smá, geta afhent Borgarskjalasafni skjöl sín til varðveislu og eignar. Fyrirtæki afhenda gjarnan bréfasöfn, ljósmyndir, sjóðsbækur, viðskiptamannabækur, vörulista, auglýsingar og annað kynningarefni. Mikilvægt er að fyrirtæki haldi skjölum sínum til haga því þau eru heimildir um atvinnusögu Reykjavíkur. Skjölin rekja sögu fyrirtækisins og geta haldið nafni þess á lofti um ókomna tíð.

